



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 11. september 2017 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Egill Sigurgeirsson varaformaður og Rebekka Eiríksdóttir. Karl Kristjánsson boðaði forföll, ekki fékkst varamaður á fundinn fyrir hann. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður

Varaformaður bauð fólk velkominn og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt að taka það á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 21. ágúst 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1709012 - Reykhólahöfn, staða hafnar og framkvæmdir framundan.

Nefndin telur höfnina á Reykhólum ekki þannig staðsetta að hún hafi þá stöðu að raska samkeppni á meðal hafna í Breiðafirði. Höfnin er fyrst og fremst rekin um sértæka starfsemi, sem er á vegum Þörungaverksmiðjunnar.

Sótt hefur verið um ríkisstyrk til framkvæmda á höfninni. Skv. lögum um hafnir nr. 61/2003 þarf höfn að hafa skilað jákvæðum rekstrarafgangi til að geta notið ríkisstyrks.

Til að mæta kröfu um jákvæðan rekstur samþykkir nefndin að hækka gjaldskrá Reykhólahafnar nr. 90/2017.

Lestargjald á mælieiningu skv. 4. gr. hækkar úr 14 kr. í 15 kr.

Bryggjugjald á mælieiningu skv. 5. gr. hækkar úr 5 kr. í 7 kr.

Vörugjald skv 11. gr., 1., 2., og 3., flokkur hækkar um 50%.

1. flokkur verði 240 kr.

2. flokkur verði 375 kr.

3. flokkur verði 750 kr.

Samþykkt samhljóða.

3. 1505002 - Deiliskipulag Kirkjuból, auglýsing.

Nefndin samþykkir að auglýsa að nýju deiliskipulagið um Kirkjuból aftur, skv 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

4. 1604001 - Deiliskipulag Dalur Kvígindisfirði, auglýsing.

Nefndin samþykkir að auglýsa að nýju deiliskipulagið um Dal í Kvígindisfirði, skv 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

5. 1603002- Hyrningsstaðir lóð 8 175990, stofnun nýrrar lóðar og landskipti, Hesthúshóll.

Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar Hesthúshóll og landskipti. Samþykkt samhljóða.

6. 1709009 - Tröllendi 2, endurbygging geymsluskúrs.

Erindi frá Minjavernd dagsett 7. september 2017, teikningar frá Argos ehf.

Lagðar eru fram teikningar af geymsluhúsi, byggingin er 31,9 fm og í samræmi við sérskilmála í deiliskipulagi um endubyggingu. Nefndin samþykkir byggingaáformin skv. skipulagi.

Í erindi óskar Minjavernd eftir því að steypa upp kant fyrir framan bygginguna og tengja hann við kant sem nær upp fyrir nv horn á gafli frystihússins. Vegna ágangs sjávar, leggst nefndin ekki gegn því. Samþykkt samhljóða.

7. 1709010 - Fundarboð og dagskrá 8. hafnarfundar aðildahafna að Hafnasambandi Íslands, 21. september 2017.

Lagt fram og kynnt. Nefndin sendir ekki fulltrúa á fundinn. Samþykkt samhljóða.

8. 1709011 - Skipulagsdagurinn 15. september 2017.

Lagt fram og kynnt.

9. 1710022 - 396. fundur stjórnar Hafnasambands Íslands, fundargerð, reglugerð um slysavarnir í höfnum.

Lagt fram og kynnt. Sveitarstjóra falið að kynna reglugerðina fyrir starfsmönnum hafnarinnar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

10. 1709013 - Afsláttur af gatnagerðargjöldum.

Fyrirspurn frá Ágústi Má Gröndal dagsett 11. september 2017.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að veittur verði 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum vegna byggingu húsnaðis við núverandi götur. Samþykktin á ekki við þegar leggja þarf nýja götu, eða botnlanga frá götu með lögnum og þ.h. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.15
